

67. kirkjuþing 2025-2026

1. mál - Þskj. 1b

Skýrsla stjórnar Þjóðkirkjunnar

Flm. Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, Einar Már Sigurðarson,
Rúnar Vilhjálmsson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir.

Frsm. Rúnar Vilhjálmsson

Á fundi kirkjuþings 2023-2024 þann 9. mars 2024 kusu kirkjuþingsfulltrúar úr sínum hópi stjórn Þjóðkirkjunnar, sbr. 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing nr. 10/2021-2022. Aðalmenn eru Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Varamenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Guðni Már Harðarson og Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Með þingsályktun í 53. máli 64. kirkjuþings 2022-2023 var samþykkt að stjórn yrði kosin á síðasta fundi kirkjuþings 2023-2024 og sitja uns ný stjórn hefur verið kosin á reglulegu kirkjuþingi að hausti 2025. Hefur þessi stjórn því setið í um eitt og hálft ár en lýkur störfum sínum nú þegar ný stjórn verður kosin.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing nr. 10/2021-2022 starfar stjórnin á ábyrgð kirkjuþings og lýtur boðvaldi þingsins. Stjórnin fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er starfsreglur um fjármál setur henni. Þá ritar meirihluti stjórnar firma Þjóðkirkjunnar.

Stjórnin hefur fundað að jafnaði mánaðarlega og eru fundargerðir stjórnar aðgengilegar á vef Þjóðkirkjunnar. Auk stjórnarmanna sátu fundi stjórnar Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritar fundargerðir stjórnar.

Fundir stjórnar fóru að jafnaði fram í fundarherbergi Þjóðkirkjunnar í Borgartúni 26 en auk þess hefur stjórn fundað í biskupsgarði að Tjarnargötu 4 og þá var á árinu haldinn fundur í Skálholti með stjórn Skálholtsstaðar, starfsmönnum staðarins, Verndarsjóði og Skálholtsfélaginu hinu nýja.

Árið 2024 var ár mikilla breytinga hjá Þjóðkirkjunni en árið í ár hefur einkennst af mun meiri stöðugleika, sem er vitnisburður um að þær breytingar sem ráðist hefur verið í hafi gengið vel, en þær fólu meðal annars í sér nýtt skipurit kirkjunnar.

Fjármál

Á fundum stjórnarinnar hefur framkvæmdastjóri gert grein fyrir mánaðarlegum rauntölum úr bókhaldi Þjóðkirkjunnar, og þær verið ræddar og yfirfarnar með samanborið við fjárhagsáætlun. Þannig er fylgst með því frá mánuði til mánaðar hvort reksturinn sé í samræmi við áætlun svo unnt sé að bregðast við ef einhverju munar.

Reksturinn á árinu hefur í heild gengið vel. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025, sem samþykkt var á kirkjuþingi í fyrra, var gert ráð fyrir jafnvægi á rekstrinum, en miðað við stöðuna í dag standa líkur til að Þjóðkirkjan skili rekstrarafgangi annað árið í röð.

Fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2026 hófst í september. Í áætlun er gert ráð fyrir fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 4.922.552.519 kr. sem er 5,8% hækkun frá fyrra ári, en útgjöldum að fjárhæð 4.873.408.008, sem er hækkun um 5,9%. Tekjuafgangur nemur því 49.144.511 kr.

Fasteignir

Á árinu var fasteign að Kópnesbraut 17 í Hólmarvík seld. Auk þess er búið að samþykkja kauptilboð í íbúðarhúsið að Holti í Önnundarfirði og hluta af jörðinni Desjarmýri, líkt og kirkjuþing hefur samþykkt, en vinna við landskipti að Holti og Desjarmýri stendur enn yfir. Samanlagt söluverð eignanna nemur kr. 140.000.000.

Fasteignasvið Þjóðkirkjunnar hefur undanfarið unnið að úttekt á ástandi fasteigna kirkjunnar. Þeirri vinnu er ólokið en áfangaskýrsla er lögð hér fram á kirkjuþingi í 13. máli. Sýnir skýrslan svart á hvítu að viðhaldspörf eigna kirkjunnar er mikil og er brýnt að viðhaldi verði sinnt mun betur en hingað til. Ennfremur er unnið að úttekt á mönnun innan kirkjunnar á landsvísu.

Þessar tvær skýrslur eiga að gefa okkur góða mynd af því hver viðhaldspörf eignanna er og hvernig mönnunin mun verða. Verða þær því mikilvæg gögn þegar kemur að því að taka ákvarðanir um ráðstöfun og umsýslu eigna kirkjunnar til næstu framtíðar. Að mati stjórnar er mikilvægt að hugað sé stöðugt að ástandi fasteigna kirkjunnar. Til greina getur komið að selja fasteignir sem ekki nýtast í þjónustunni. Ef fasteignir eru seldar þarf að verja að minnsta kosti hluta andvirðisins í endurnýjun og viðhald þeirra eigna sem kirkjan á og rekur. Önnur sjónarmið gilda hins vegar um jarðir þar sem stefnan er að selja þær ekki.

Jafnframt telur stjórn að eðlilegt sé að skoðað verði hvort rétt sé að selja ákveðnar eignir og kaupa nýjar og hentugri í staðinn. Ýmsir prestbústaðir hafa reynst óþarflega stórir og þá getur verið hentugra bæði fyrir Þjóðkirkjuna og leigutaka að keypt sé minna húsnæði sem hagkvæmara er í rekstri og viðhaldi.

Í tilviki jarða er nauðsynlegt að huga að tekjuöflun, en slík athugun er stöðugt í gangi hjá framkvæmdastjóra og fasteignasviði. Á árinu var t.a.m. gengið frá samningi um smávirkjun í landi Skeggjastaða. Ef öll tilskilin leyfi fást munu virkjanaframkvæmdir

hefst þar á næstu misserum án nokkurs kostnaðar fyrir Þjóðkirkjuna og mun virkjunin skila kirkjunni tekjum til frambúðar.

Önnur mál

Ýmis önnur mál rötuðu á borð stjórnar sem fyrr. Í því sambandi má meðal annars nefna hið svonefnda sóknargjaldamál, en fulltrúar stjórnar hafa m.a. fundað endurtekið um það mál með nefnd sem skipuð var af ráðherra til að endurskoða fyrirkomulag sóknargjalda. Málið er stórt, skiptir miklu fyrir allar sóknir landsins og mikilvægt að hagsmuna Þjóðkirkjunnar sé gætt í hvívetna, hvort sem er af hálfu stjórnar eða annarra fulltrúa Þjóðkirkjunnar sem að því máli koma.

Stjórnin hefur fengið kynningu frá endurskoðunarfyrtækinu KPMG á innri endurskoðun er tæki til Þjóðkirkjunnar og var samþykkt að koma henni á. Þar sem ekki var gert ráð fyrir slíkum kostnaði í fjárhagsáætlun ársins mun sú vinna hefjast á næsta ári að öllu óbreyttu.

Stjórnin hefur jafnframt á fundum sínum fengið kynningu á vinnu við nýjan vef Þjóðkirkjunnar og kynningu á áformum um stafrænar kirkjubækur. Loks má nefna að stjórnin boðaði formann úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar á sinn fund og kynnti formaðurinn störf og starfshætti úrskurðarnefndarinnar og svaraði fyrirspurnum.

Að lokum

Það er mat stjórnar að rekstur Þjóðkirkjunnar á árinu hafi gengið vel og verið í jafnvægi. Ánægjulegt er að reksturinn skili afgangi annað árið í röð. Varasjóður sem myndast hefur er nú vel yfir þeim mörkum sem reglur kveða á um (þ.e. 25% af gagngjaldi ríkisins). Þjóðkirkjan þarf að marka sér stefnu og reglur um umsýslu og ráðstöfun varasjóðsins, en hann skal ekki nýttur til almenns reksturs kirkjunnar. Það hefur verið leiðarljós stjórnar að hagkvæmni og aðhalds sé gætt í rekstrinum og að strax sé brugðist ef einhversstaðar bregður útaf. Nýtt bókhaldskerfi Þjóðkirkjunnar með síuppfærðum rauntölum auðveldar slíkt aðhald. Mikilvægt er að góð tengsl og samræmi sé á milli reksturs kirkjunnar og þeirrar þjónustu sem henni er ætlað að veita. Skýrsla að tilhlutan biskups um þjónustubörf kirkjunnar verður lögð fram á komandi vorþingi. Hún verður mikilvæg undirstaða áherslna í þjónustunni til næstu framtíðar og mun hafa sín áhrif á rekstrar- og fasteignamál kirkjunnar.